



## Ársskýrsla stjórnar Geitfjárræktarfélags Íslands 2020- 2021

Flutt á 30. aðalfundi GFFÍ 19.maí á rafrænum fundi á Zoom.

Stjórnin var skipuð eftirfarandi: Anna María Flygenring endurkosin formaður á aðalfundi 24.október 2020. Aðrir í stjórn voru Guðni Ársæll Indriðason gjaldkeri, Þorsteinn E. Þorsteinsson ritari, Birna K. Baldursdóttir og Guðný Ívarsdóttir meðstjórnendur. Varamenn voru Bettina Wunsch og Sif Matthíasdóttir. Stjórn samþykkti á fyrsta fundi eftir aðalfund að þiggja með þökkum boð Önnu Maríu Lindar að sjá áfram um heimasíðuna.

Fjöldi geita 2020 eru samkv. Mælaborði landbúnaðarins 1620 geitur á 116 búum og er það nokkur fjölgun. Hafrastöðin er starfrækt í nýja húsnæðinu á Hvanneyri og vísast til skýrslu Birnu K. Baldursdóttur um þá stöð og notkun sæðis frá stöðinni. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu <http://gffi.geit.is/>

Vegna ástands í sóttvarnarmálum sem allir þekkjja hefur mikil breyting verið á starfinu, fundir hafa allir verið haldnir á Zoom. Fyrir utan stjórnarfundir hefur mikill tími farið í aðra fundi sem tengjast ferlinu við breytingar á félagskerfi BÍ. Má segja að aðalstarf formanns og stjórnar hafi verið að lesa yfir skjöl og átta sig á málinu og hvað það felur í sér. Einnig varð áfallið vegna riðuniðurskurðar tilefni til skoðunar á ýmsan hátt. Beðið var um fundar 18.nóv. rafrænt á Teams við ráðherra landbúnaðarmála og sendi formaður eftirfarandi punkta fyrir þann fund:

### Punktur fyrir rafrænan fund með ráðherra landbúnaðarmála 18.nóv. 2020.

*Vegna þess mikla niðurskurðar á geitum, sem er mikil blóðtaka fyrir stofn, sem telur einungis 1480 vetrarfóðruð dýr, er stjórn Geitfjárræktarfélags Íslands efst í huga hvernig bæta má fyrir skaðann, sem þessi aðgerð yfirvalda veldur.*

- *Styrkir til nýliðunar í sauðfjár- og geitfjárrækt eru í boði, en þegar svona áfall ríður yfir þarf að bæta í, raunar hafa engir geitabændur fengið slíka styrki. Hugsanlega ekki sótt um þá. Á Tröllaskaga eða austan vatna í Skagfirði, sem og Skagafirði öllum hefur verið talsverð geitarækt og þar þarf að hvetja fólk til að leggja ekki árar í bát, þar þyrftu að koma styrkir inn eða fjárframlag frá ríkinu.*
- *Tryggt verði að bætur komi fyrir felldar geitur vegna riðu og að þær séu metnar að minnsta kosti til jafns við bætur fyrir sauðfé, helst þó hærri vegna sérstöðu greinarinnar.*
- *Það þarf að efla allar rannsóknir er varða geiturnar, við getum ekki miðað eingöngu við erlendar rannsóknir þótt ágætar séu. Genasamsetning íslenskra geita er t.d. eitt sem þarf að rannsaka og*

*hvort þær bera verndandi gen gegn riðu. All sérstakt er að ekki er vitað til þess að riða hafi nokkurn tíma greinst í geit á Íslandi, þrátt fyrir mikinn samgang við sauðfé. Erlendis er riða þó þekkt í sumum löndum en það eru aðrir stofnar geita. Til rannsókna þarf fjármagn.*

- *Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun sjaldgæfra búffjártegunda. Til að standa við þann samning þarf geitum svo sannarlega að fjölga, en ekki fækka eins og nú stefnir í. Þá þarf gulrót, það er ekki nóg að geitur séu fallegar, skemmtilegar, góðar á bragðið og ostarnir frábærir. Það þarf að vera mögulegt að lifa af geitarækt. Hún er mjög gjarnan í tengslum við ferðaþjónustu og gerir sitt í að draga fólk að.*
- *Kjötmatið hefur verið til umræðu. Sent hefur verið inn erindi til ráðuneytis ykkar í byrjun apríl 2019. Þetta erindi er frá Einar Kára Magnússyni yfirkjötmatsmanni. Það þarf að afgreiða og koma því í samráðsgáttina, þótt fyrr hefði verið. Eins og staðan er geta sláturhúsin sleppt að skrá þyngd og flokkun, jafnvel fjölda og þar með eru ekki nægar upplýsingar um þróun geita- og kiðakjötsframleiðslu. Löggilding kjötmats er alger nauðsyn og vil ég hvetja til afgreiðslu þessa hið fyrsta.*
- *Varðandi sláturhúsin vil ég nefna að misræmi er hjá þeim varðandi umboðssölu afurða. Nautgripa-hrossa-svína- og kindakjöt taka þau í umboðssölu en geitabændur verða að taka allt sitt kjöt heim og selja sjálfir. Sumum gengur það vel og er gott að hafa beint samband við neytandann. En það hafa ekki allir sömu aðstöðu til vinnslu og geymslu og væri hugsanlega hvetjandi ef sláturhúsin tækju að sér hluta af sölu.*
- *Landbúnaðarstefna er í vinnslu og hafa drög verið send til BÍ til skoðunar. Það er alveg ljóst að geitaræktin ætti að geta blómstrað samkvæmt þeirri stefnu en hún þarf stuðning, sérstaklega eftir áföll þessa árs, í formi kórónaveiru og riðusmits í sauðfé.*

*Stjórn GFFÍ hvetur ráðherra til að taka öll þessi atriði til gaumgæfilegrar athugunar.*

Bændablaðið sýndi málinu mikinn áhuga og var tekið viðtal við formann. Eftir áramótin var annað mál í deiglunni, en það var úthlutun Matvælasjóðs og umsögn sem fylgdi höfnun þeirrar umsóknar. Umsögnin var þess eðlis að eftir að stjórn barst hún í hendur var ljóst að ekki var hægt að láta kyrrt liggja. Sendir voru póstar og símtöl tekin en niðurstaðan varð svo sem engin, ekki var hægt að fá uppgefið hver bæri ábyrgð á þessari umsögn. Þó fjallaði Bændablaðið um málið og voru fleiri en geitabændur ósáttir.

Talsverð vinna fór í félagskerfismálin eins og fram kom hér í byrjun. Margir fundir voru haldnir á vegum BÍ á Zoom auðvitað til kynningar.

Geitabændur kvörtuðu yfir að kjötálagsgreiðslur bærust ekki á réttum tíma, var farið í málið og skýringar gefnar frá Bjarka Pjeturssyni í ráðuneytinu að það skýrðist m.a. af lélegum skýrsluskilum geitabænda, það þyrfti að ganga á eftir þeim. Flestir skila samt fyrir 12. desember en einhverjir hafa lent í vandræðum vegna forritsins Heiðrúnar, sem virðist geta flækst saman við Fjávís. Einnig vantaði gögn frá sláturhúsum og þurfti að reka á eftir þeim. Greiðslur bárust svo í lok ársins.

15. febrúar var stjórn boðið að fundarborði á Teams við verkefnastjórn sem skipuð er Birni Bjarnasyni, Hlédísi Sveinsdóttur o.fl. um landbúnaðarstefnu Íslands undir kjörorðinu „Ræktum Ísland“. Fyrir hönd stjórnar sátu Anna María, Guðni Ársæll og Birna Kristín fundinn. Þ. 4. maí var skýrsla hópsins kynnt á streymi og geta allir sent inn athugasemdir í 3 vikur um hana þar sem hún er í samráðsgátt ANR.

Í byrjun mars þurfti enn að reka á eftir lögboðnum greiðslum frá ríkinu, nú voru það gripagreiðslurnar. Í framhaldi af því var stjórn GFFÍ var beðin af ráðuneytinu að gera tillögur um skiptingu greiðslna, fyrir endurskoðun rammisamnings. Eftir nokkrar vangaveltur voru sendar inn tillögur en það féll ekki alveg að hugmyndum þeirra. Eftir tillögur fram og tilbaka varð niðurstaðan sú að gripagreiðslur hækka í 69%, 8% fiðugreiðslur koma inn, en það var tillaga okkar að að greitt yrði líka fyrir fiðu, til að hvetja fólk til að hirða hana betur. Fyrir mjólk yrði greitt 8% en á móti kemur að kjötálagið fellur niður. Potturinn hefur ekki stækkað, en það er verkefni næstu ára að koma inn frekari stuðningi.

Búnaðarþing var haldið 22.-23.mars í Hótel Sögu, sótti formaður þingið. Aðalefni þingsins var að fjalla um tillögur teymisins sem unnið hefur undanfarin ár að breytingum á félagskerfi bænda. Þetta hefur ekki verið einfalt en á að auka skilvirkni og bæta þjónustu og margt fleira.

Eins og áður er gefið út sérstakt tímarit Bændablaðsins fyrir hvert þing og tekið er viðtal við formann búgreina um framtíð greinarinnar.

Þann 18. mars var annar rafrænn fundur með ráðherra landbúnaðarmála. Punktur af þeim fundi fylgja hér:

Fundur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með Önnu Maríu Flygenring, formanni Geitfjárræktarfélag Íslands fimmtudaginn 18. mars 2021

- Vísað var til fundar Geitfjárræktarfélagins með ráðherra 18. nóvember sl. og þeirra atriða sem þar voru reifuð. Ráðuneytið hvatt til að fylgja þeim málum eftir.
- Þróunarfrámunir búgreina. Geitfjárræktarfélagið telur rétt að skoðað verði hvort hluti þróunarfrámunna í sauðfjárrækt eigi að renna til geitfjárræktar. Kallað var eftir stuðningi við rannsóknir.
- Ógerilsneyddar afurðir. Geitfjárræktarfélagið telur rétt að skoða breytingar í þá veru að heimilt verði að markaðssetja ógerilsneyddar afurðir með það fyrir augum að uppfylla skilyrði sem sett eru fram af Slow food.
- Kjötmat. Ítrekuð var þörf á að setja reglugerð um kjötmat fyrir geitaafurðir og ráðuneytið hvatt til að ljúka þeirri vinnu.
- Skýrslur. Nýlegum skýrslum sem unnar voru á vegum ráðuneytisins var fagnað, þ.á.m. skýrslu um fæðuöryggi.
- Riðuendurskoðun. Rætt um þörf til að horfa til framtíðar í þeim efnum.
- Ráðherra óskaði þess að Geitfjárræktarfélag Íslands sendi skriflegt erindi til ráðuneytisins til að fylgja eftir málum sem nefnd voru á fundinum. Þau yrðu tekin til skoðunar.

6.maí barst síðan svar frá ráðuneytinu:

Ráðuneytið vísar til erindis Geitfjárræktarfélag Íslands, dags. 19. mars 2021. Í erindinu er ráðuneytið hvatt til að ráðast í ákveðin verkefni auk þess sem þess er óskað að ákveðin atriði verði tekin til skoðunar innan ráðuneytisins. Eftirfarandi eru svör ráðuneytisins við einstaka liðum erindisins.

#### **Kjötmat**

Í ráðuneytinu er vinna við reglugerð um kjötmat geitakjöts á lokastigum. Reiknað er með að hún muni birtast á næstu vikum.

### **Þróunarfjármunir búgreina**

Í erindinu kemur fram að Geitfjárræktarfélagið telur rétt að fjármunir renni til þróunar geitfjárræktar á sama hátt og fjármunir renna til sauðfjárræktar. Telur félagið að ekki síður sé þörf á þróun búgreina sem jafnframt ber þá skyldu að viðhalda stofni sem er í útrýmingarhættu og er á rauðum lista á alþjóðlegum mælikvörðum.

Fjallað er um ráðstöfun þróunarfjármuna búgreina í rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sem undirritaður var hinn 19. febrúar 2016. Samkomulag um endurskoðun samningsins var undirritað í febrúar 2021. Samkvæmt 11. gr. samningsins greiðir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fjármuni sem ætlaðir eru til þróunarverkefna í nautgriparækt og sauðfjárrækt. Í samningnum er jafnframt kveðið á um skiptingu framlaga á milli búgreina en þar segir að 23% renni til nautgriparæktar og 77% til sauðfjárræktar. Ekki eru aðrir fjármunir til ráðstöfunar innan ráðuneytisins til þróunarverkefna búgreina. Næsta endurskoðun samningsins mun fara fram árið 2023 og telur ráðuneytið rétt að Geitfjárræktarfélagið taki málefnið upp við Bændasamtök Íslands, sem fara með fyrirvar framleiðenda búvara við framkvæmd búvörulaga skv. 4. gr. laganna, fyrir næstu endurskoðun samningsins.

### **Rannsóknir arfgerða og viðbrögð við uppkomu riðu**

Í ráðuneytinu stendur yfir endurskoðun á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. Við þá endurskoðun verður tekið mið af þeim árangri sem þegar hefur náðst í að útrýma riðu hér á landi og skoðað hverju megi breyta og hvað megi betur gera í aðgerðum gegn riðu. Tekið er undir að rannsókna á arfgerðum er þörf, við endurskoðunina verður metið hvort ráðast eigi í slíkar rannsóknir.

### **Ógerilsneyddar mjólkurafurðir**

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að sveigja frá þeirri grundvallarstefnu sem fylgt hefur verið héraðis hvað varðar gerilsneyðingu mjólkurafurða.

### **Viðbótarfjármunir vegna Covid 19**

Í erindi Geitfjárræktarfélagsins frá 19. mars sl. kemur fram að ýmsir aðilar hafi fengið svokallaða viðspyrnustyrki vegna áhrifa heimsfaraldursins og að miklum fjármunum hafi verið ráðstafað til sauðfjárræktar og nautgriparæktar. Fram kemur að geitarækt sé nátengd ferðaþjónustu og ekki sé síður þörf á viðspyrnu þar.

Við afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 2021 var samþykkt tillaga um að verja fjármunum til að koma til móts við skaðleg áhrif COVID19 á íslenska bændur. Óumdeilanlega hafa bændur orðið fyrir margvíslegum áhrifum af faraldrinum, m.a. vegna fækkunar ferðamanna, samdráttar á sölu á kjötmarkaði, lengri biðtíma eftir slátrun og lækkunar afurðaverðs. Í álitni meirihluta fjárlaganefndar kemur fram að skipting fjármunanna var hugsuð þannig að 75% ætti að renna til sauðfjárbænda og 25% til kúabænda. Ráðstöfun fjármunanna tók mið af framangreindu álitni meirihluta fjárlaganefndar. Stjórnvöld hafa kynnt til sögunnar efnahagsúrræði vegna heimsfaraldursins. Ráðuneytið hvetur framleiðendur til að kynna sér úrræði stjórnvalda. Upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda má finna á heimasíðu stjórnarráðsins <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>.

Þannig er þessi staða varðandi yfirstjórn landbúnaðarmála, ekki er séð að neinn stuðningur fáiast í bráð þaðan. Hins vegar verður reynt að fá stuðning frá BÍ að minnsta kosti til útgáfu bókar um geitfjárrækt, sem er orðið aðkallandi verkefni og er aðeins farið af stað.

Ýmislegt hefur verið á döfnni fleira. Varðandi rannsóknir á riðu barst okkur liðsauki frá Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð. Hennar hugmynd er að senda vefsýni til Þýskalands til rannsókna á riðu arfgerðum og hefur hún kannað verð og leggur fram krafta sína við fleira, t.d.

sýnatöku í hennar nágrenni. Framkvæmdin er frekar einföld, þeir sem vilja taka þátt í þessu fá búnað og leiðbeiningar. Sótt hefur verið um styrk til Erfðanefndar landbúnaðarins, og var að koma jákvætt svar í gær, verulega ánægja með það. Bændur ættu þá ekki að þurfa að leggja út í kostnað. Við viljum reyna að ná til sem flestra hjarða og dreift um landið. Við hvetjum geitabændur til að leggja þessu verkefni lið, það getur hjálpað okkur í framtíðinni, ef og þegar fleiri tilfelli riðu koma upp í sauðfé. Einnig þurfum við að fara fram á að vera höfð með í ráðum þegar riðumál eru tekin til endurskoðunar, en sú vinna er víst þegar hafin. Ekki hefur GFFÍ verið boðið að borðinu, ekki frekar en þegar samkomulag um endurskoðun rammasamings var gerð og undirrituð í febrúar s.l.en í því felst að endurskoðun verði næst 2023. Við þurfum víst stanslaust að vera að minna á tilvist geitabænda og félagsins okkar.

Nýlega samþykkti ráðherra reglugerð um heimaslátrun sauðfjár og geita. Það er að þakka Oddnýju Önnu Björnsdóttur hjá Samtökum smáframleiðanda matvæla, að geiturnar gleymdust ekki. Við höfðum ekki sent inn erindi vegna þessa, enda ekki hægt að fylgjast með öllu sem gerist á sauðfjárheimilinu, en þetta bar á góma í samtali við hana út af allt öðru og hún skellti þessu til Sigurðar Eyþórssonar sem var verkefnastjóri í málinu og inn fóru geiturnar. En hafa ber í huga eins og kemur fram í erindi þeirra Matís manna að í engu má slá af kröfum um heilbrigði, aðstöðu og dýravelferð.

Hulda Brynjólfssdóttir í Uppspuna hefur tekið að sér vottun á fiðu og mun senda til ráðuneytis upplýsingar um unnið band frá Uppspuna. Verður fiðuálagsgreiðsla greidd eftir þeim. Þegar og ef Gilhagi sem líka er með smáspunaverksmiðju verður tilbúinn að taka á móti fiðu og vinna hana, verður hægt að bæta þeim við sem vottunaraðila ef áhugi verður á því.

Dominique Plédel Jónsson hefur ásamt þeim Ólafi Dýrmondssyni, Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur, Sif Matthíasdóttur, Lovísu Rósu Bjarnadóttur og Sigrúnu Helgu Indriðadóttur unnið að Slow Food verkefninu, sem kynnt var í upphafi aðalfundar. Þar kemur fram að geitin er alveg að fá vottun innan Slow Food og verða gefnir út Sögumiðar fyrir þá aðila sem munu taka þátt í að vera Slow Food framleiðendur. Mikið verk unnið þar og erum við þakklát þessum sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag.

Geitfjárræktarfélag Íslands er 30 ára á þessu ári, var stofnað af hugsjónafólki 22. nóvember 1991. Stjórn er með nokkrar hugmyndir um á hvern hátt halda má upp á afmælið, má þar nefna að láta gera myndbönd, sem birtast munu á vefnum, einnig fyrrnefnda bók, hvort þetta gengur eftir kemur í ljós. Erfitt hefur verið að gera langtímaplön en nú fer að létta af kóvid þokunni og verður hugsanlega hægt að gera fleira í haust, gaman væri t.d. að vera með Dag geitarinnar eða annað til fræðslu og skemmtunar. Allar hugmyndir eru vel þegnar.

Fræðsla í geitfjárhaldi og ræktun var að koma inn sem endurmenntunarnámsskeið á vegum Landbúnaðarháskólans og er það styrkt af Menntamálaráðuneyti. Námskeiðið er rafrænt og mjög ódýrt, við hvetjum sem flesta til að skrá sig á það.

Að lokum þakkar stjórn öllum sem áhuga hafa á málefnum félagsins og lagt hafa lið á einn eða annan hátt.

Anna María Flygenring

